

# Brunavarnaáætlun fyrir Dalvíkurbyggð



**Slökkvilið Dalvíkur**

**2016 til 2020**

## Efnisyfirlit:

Samþykkt: .....	4 -
Markmið: .....	5 -
Brunavarnaáætlun:.....	5 -
Samráð við gerð brunavarnaáætlunar .....	6 -
1. Áhættumat .....	7 -
2. Þjónustustig .....	8 -
2.1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss .....	8 -
2.2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun .....	8 -
2.3. Björgun fólks með klippum, glenum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bíflökum -	8 -
-	
2.4. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun-	8 -
2.5. Eldvarnareftirlit.....	8 -
2.6. Önnur þjónusta.....	8 -
3. Skipulag Slökkviliðs .....	9 -
3.1. Verkefni slökkviliðs .....	10 -
3.2. Forvarnarstarf.....	10 -
4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð .....	14 -
4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf .....	14 -
4.2. Svar- og greiningartími .....	14 -
4.3. Boðunartími.....	14 -
4.5. Viðbragðstími .....	14 -
5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður .....	15 -
5.1 Húsnæði .....	15 -
5.2 Bifreiðar .....	15 -
5.3 Annar búnaður.....	16 -
5.4. Fjarskipti.....	18 -
5.5. Viðvörunarbúnaður.....	19 -
5.6. Æfingarsvæði .....	19 -
5.7. Annað.....	19 -
6. Landupplýsingar.....	20 -
7. Vatnsból og brunahanar .....	20 -
8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur.....	21 -
9. Hafnir og mörk þeirra .....	26 -
10. Samkomulag og samningar .....	27 -
11. Annað .....	27 -
12. Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun .....	28 -

12.1.	Húsnæði .....	- 28 -
12.2.	Bifreiðar .....	- 28 -
12.3.	Menntun og búnaður .....	- 28 -
12.4.	Framkvæmdaáætlun .....	- 29 -
	Dreifingarlisti.....	- 31 -
	Heimildir .....	- 31 -
	Fylgiskjöl .....	- 32 -
	Fylgiskjal 1.....	- 33 -
	Fylgiskjal 2.....	- 36 -
	Fylgiskjal 3.....	- 38 -
	Fylgiskjal 3.1.....	- 40 -
	Fylgiskjal 4.....	- 41 -
	Fylgiskjal 6.....	- 43 -
	Fylgiskjal 7.....	- 44 -
	Fylgiskjal 8.....	- 45 -

## Samþykkt:

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir starfssvæði Slökkviliðs Dalvíkur samanber ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 er tóku gildi 1. janúar 2001. Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

*“Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.” Mannvirkjastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar.*

Í þessari samþykkt kemur fram hvernig Slökkvilið Dalvíkurbyggðar er búið, hvaða þjónustustig það veitir og hvaða þjónustu það ætlar að veita og hvernig.

Brunavarnaáætlun þessi leggur grunn að gæðastjórnun og er jafnframt úttekt á starfsemi slökkviliðsins fyrir sveitarstjórn og Mannvirkjastofnun. Áætlunin mun auk þess auðvelda íbúum sveitarfélagsins að afla sér upplýsinga um veitta þjónustu, skipulag og getu slökkviliðsins og markmiðið með rekstri þess.

Dalvík /

F.h Dalvíkurbyggðar

Dalvík /

F.h Slökkviliðs Dalvíkurbyggðar

Reykjavík /

F.h Mannvirkjastofnunar

## Markmið:

Markmið og leiðarljós í þessari brunavarnaáætlun Slökkviliðs Dalvíkurbyggðar er að uppfylla markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000:

*“Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnareftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á sínu þjónustusvæði.”*

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. laga um brunavarnir nr.75/200:

*“Að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”*

Jafnframt er eitt af megin markmiðunum SD með þessari brunavarnaáætlun að skilgreina fyrir íbúum þjónustusvæðisins á aðgengilegan máta hvaða þjónusta er veitt og hvernig.

## Brunavarnaáætlun:

Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 16. gr. 5. mgr. segir:

*“Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.”*

Brunavarnaáætlun þessi er unnin af slökkviliðsstjóra SD eftir leiðbeiningum sem Brunamálastofnun gaf út árið 2002.

Ein helsta forsenda brunavarnaáætlunarinnar er að gerðar séu slökkvi - og viðbragðsáætlanir yfir stærstu og erfiðustu áhættur á svæði slökkviliðsins. Þær eru nú aðgengilegar á slökkvistöðinni á Dalvík

Niðurstöður þessara áætlana eiga m.a. að leiða í ljós hvort:

- tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur
- fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg
- nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi
- slökkvistöð uppfylli þarfir liðsins

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að:

- endurnýja eða fjölga slökkvibílum, slökkvidælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins
- bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins eða setja upp bakvaktir eða fastar vaktir
- tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum
- auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana
- gera áætlun um endurnýjun og afskriftir á búnaði slökkviliðsins

Brunavarnaáætlunin á einnig að skilgreina hvert sé eðlilegt rekstrarfé fyrir SD. Gerð var skrá yfir búnað slökkviliðsins og má þá ákveða afskriftareglur sem gefa vísbendingu um þá fjárhæð sem árlega er nauðsynleg til að halda við tækjabúnaði.

Forsendur fyrir brunavarnaáætlun má einnig finna í:

- áætlunum fyrir umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum
- öðrum gögnum, svo sem lögum, reglugerðum og samningum sveitarfélaga

Helstu breytingar á starfssvæði SD sem áhrif hafa á starfsemi þess, og eru fyrirsjáanlegar innan næstu fimm ára, eiga að koma fram í brunavarnaáætluninni.

Brunavarnaáætlun á að endurskoða a.m.k. á 5 ára fresti frá því að hún er samþykkt eins og fram kemur í 13. gr. laga um brunavarnir:

*“Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki.”*

Ef veigamiklar breytingar eru gerðar á gildandi brunavarnaáætlun skal hún endurskoðast þótt ekki verði liðin fimm ár frá samþykki hennar.

### **Samráð við gerð brunavarnaáætlunar**

Eftirtöldum aðilum var gefinn kostur á að koma á framfæri atriðum sem nýst gáta við gerð brunavarnaáætlunar Slökkviliðs Dalvíkur.

- Almannavarnarnefnd Eyjafjarðar
- Dalvíkurbyggð
- Mannvirkjastofnun
- Slökkvilið Akureyrar
- Hafnarsamlag Eyjafjarðar
- Björgunarsveitin Dalvík
- Neyðarlínan
- RKÍ Dalvíkurdeild
- Slökkvilið Fjallabyggð
- Promens Dalvík
- Veitustjórinn Dalvík

## 1. Áhættumat

Einföld skilgreining á áhættu er margfeldi líkinda á og afleiðinga af einstökum atburði, þ.e.a.s. samkvæmt sambandinu

$$\text{Áhætta} = \text{líkindi} \times \text{afleiðing}$$

Hér á eftir verður áhættugreining byggð á huglægu mati sem byggir á þekkingu og reynslu slökkviliðsstjóra, en ekki á tölfræði og útreikningi. Mikilvægt er samt að hefja vinnu við samræmt áhættumat á starfssvæði SD á næstunni eða fyrir árið 2017.

Áhættur á starfssvæði SD eru mismunandi og hér að neðan er listi yfir helstu og stærstu áhætturnar. Er þá bæði litið til sambrunahættu og þess hvaða áhrif það hefði á samfélagið ef rekstrastöðvun yrði.

Hvað varðar áhættur í nærliggjandi sveitarfélögum sem gætu kallað til aðstoð frá Slökkviliði Dalvíkur þá er vísað til brunavarnaáætlana viðkomandi sveitarfélaga.

Til er aðgerðaáætlun:

Á Dalvík:

- Dalbær heimili aldraðra
- Frystihús Samherja
- Promens
- Grunnskólinn á Dalvík
- Samkaup / Húsasmiðjan
- Hesthús Hringsholti
- Múlagöng
- Fosshótel Dalvík

Á Árskógsströnd

- Árskógarskóli

## 2. Þjónustustig

Þjónustu slökkviliða almennt er skipt upp í eftirfarandi sex megin þjónustuflokka:

### 2.1. *Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss*

Allir slökkviliðsmenn SD hafa fengið og fá þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Þjálfun skal vera í samræmi við 19 gr. laga nr. 75/2000.

### 2.2. *Slökkvistarf innanhúss og reykköfun*

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Stefnt er að því að a.m.k. 60% slökkviliðsmanna hafi gild reykköfunarskírteini. Allir liðsmenn fá samt grunnþjálfun í reykköfun. Slökkviliðsstjóri annast reykköfunarbúnað og þjálfun slökkviliðsmanna í samræmi við reglugerð nr. 354/1984. Vegna aldurs og af öðrum ástæðum hafa menn óskað eftir að sleppa við reykköfun.

### 2.3. *Björgun fólks með klippum, glenum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum*

Á Dalvík eru til staðar mjög öflug og góð björgunartæki til björgunar m.a. úr bílflökum. Eru alltaf a.m.k. tíu slökkviliðsmenn þjálfaðir í notkun þeirra. Slökkviliðið sinnir þessum þætti.

### 2.4. *Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun*

Í dag eru ekki til eiturefnabúningar á Dalvík, né annar mengunarvarnarbúnaður utan lágmarksbúnaðar hjá Dalvíkurhöfn, uppsogsmottur og stutt flotgirðing sem er í umsjá hafnarvarða. En til stendur að festa kaup á 2 eiturefnabúningum síðla árs 2015 ásamt öðrum búnaði til mengunarvarna, svo sem uppsogsefni og lekastopp.

SD verður þá í stakk búið að geta framkvæmt lífbjörgun við eiturefnarslys miðað við þau eiturefni sem eru að staðaldri í Dalvíkurbyggð, (s.s ammoníak og ýmsar olíur.) Ef til frekari vinnu kemur vegna mengunaróhapps er, samkvæmt samstarfssamningi (sjá viðauka ??), kallaður til sameiginlegur búnaður fyrir Eyjafjörð, sem staðsettur er hjá slökkviliði Akureyrar.

### 2.5. *Eldvarnareftirlit*

Slökkviliðið sinnir eldvarnareftirliti í sveitarfélaginu

### 2.6. *Önnur þjónusta.*

#### *Slökkvistarf í skipum*

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi í skipum og bátum á starfsvæði sínu.

#### *Dælingar*

Þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda, t.d. að hreinsa upp vatn vegna leka, dælingar úr skipum.

#### *Öryggisvöktun*

Öryggisvöktun er á skemmtistöðum og við ýmis önnur atvik samkvæmt beiðni og/eða fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

#### *Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði*

Slökkviliðin í Eyjafirði hafa með sér skriflegan samning um gagnkvæma aðstoð ef þarf. (Sjá fylgiskjal 8)

#### *Jarðgöng*



Slökkviliðið sér um slökkvistarf í jarðgöngum.


Þjónusta Slökkviliðs Dalvíkur er samkvæmt ofantöldu fyrir allt svæðið.

### 3. Skipulag Slökkviliðs

Hjá SD er slökkviliðsstjóri í 100% starfi. Auk þess er varaslökkviliðsstjóri í 30% starfshlutfalli og 2 varðstjórar í 17% starfshlutfalli hvor. Auk þess 16 slökkviliðsmenn í hlutastarfi. Næstráðandi staðgengill slökkviliðsstjóra er varaslökkviliðsstjóri. Hjá SD eru því 19 hlutastarfandi slökkviliðsmenn, auk slökkviliðsstjóra, sem boðaðir eru af 112 ef óskað er þjónustu slökkviliðs. Er það gert til að alltaf séu tiltækir a.m.k. 9 menn sem er sú mönnun sem þarf til að virkja allan kraft slökkviliðsins. Einnig eru til taks 10 slökkviliðsmenn aðrir, sem óskað hafa eftir að fara úr fremsta útkalli og er hægt að kalla þá út ef þörf er á auknum mannafla. Alls eru því tiltækir í slökkviliðinu 31 maður.

Slökkviliðsstjóri fer með stjórn og ábyrgð SD og er varaslökkviliðsstjóri hans næstráðandi. Varðstjórar, ásamt slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra, ganga bakvaktir hjá slökkviliðinu eftir fyrirfram ákveðinu skipulagi, þannig að ætíð er einn stjórnandi liðsins á bakvakt.

#### Skipulag slökkviliðs Dalvíkurbyggðar



Á Dalvík eru tveir starfandi lögreglumenn og björgunarsveitin Dalvík hefur á að skipa 30 manns á útkallsskrá. Mjög gott samstarf er milli slökkviliðs og þessara aðila.

Slökkviliðið er hluti af almannavarnarkerfi Dalvíkurbyggðar.

Slökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur SD á grundvelli laga, reglugerða og samþykpta fyrir SD. Stjórn útkalla er á ábyrgð og undir stjórn slökkviliðsstjóra eða staðgengils hans. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn gagnvart sveitastjórn og í forföllum hans ber varaslökkviliðsstjóri þá ábyrgð.

Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnunar eru að:

- stjórna starfseminni og samræma og tryggja að slökkviliðið vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett
- sjá um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur SD og að heildarstarfsemin sé innan fjárhagsramma
- stuðla að góðri þjónustu gagnvart almenningi og fylgja eftir þörfum og breytingum samfélagsins
- sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt
- stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni
- vinna að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við þjónustustig

### **3.1. Verkefni slökkviliðs**

SD sinnir öllum helstu þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum og úr opnum vatnsbólum. Slökkviliðið er fært um að sinna slökkvistarfi bæði innan- og utanhúss, vinna að reykköfun og reyklosun ásamt gróðureldum. Slökkviliðið sér um slökkvistarf í skipum og bátum sem eru bundnir við bryggjur ásamt slökkvistarfi í jarðgöngum. Slökkviliðið sinnir aðstoð, samkvæmt beiðni, við slökkvistörf og björgunarvinnu í nágrannasveitarfélögum samkvæmt samstarfssamningi. (Sjá fylgiskjal 8).

Æfingar slökkviliðsins miðast við að allir geti unnið ofangreind störf í samræmi við þjálfun, menntun og þjónustustig slökkviliðsins.

Klippubúnaði og eldvarnareftirliti er sinnt frá slökkvistöðinni á Dalvík. Öryggisvöktun er sinnt eftir beiðnum húseiganda og/eða kröfu slökkviliðsstjóra og sinna slökkviliðsmenn þessum beiðnum í aukavinnu.

Mengunarvarnir er þjónusta sem sveitarfélögum er skylt að sinna. Unnið er að því að koma upp lítilli mengunarvarnadeild innan slökkviliðsins. Mengunarvarnadeildin skal útbúin nauðsynlegum búnaði til að takast á við þekkt eitur og spilliefni sem vitað er að eru á starfssvæðinu eða fara um það. Er þar helst um að ræða ammoníak, klór og ýmis olíufni. Þjálfar skal slökkviliðsmenn til að meðhöndla og vinna með búnaðinn. Þessu þarf að vera lokið fyrir árslok 2015.

Vinna þarf viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa og ljúka því fyrir árslok 2015.

Ef til meiriháttar vinnu vegna mengunar kemur, þá er kallaður til sameiginlegur mengunarvarnabúnaður fyrir Eyjafjörð sem staðsettur er á slökkvistöð slökkviliðs Akureyrar. Við almannavarnaraðstæður á að vinna eftir skipulagi almannavarna, en viðbragðsáætlun hefur ekki verið gerð fyrir Eyjafjarðarsvæðið.

### **3.2. Forvarnarstarf**

Ekki hefur tekist að sinna eftirliti í samræmi við lög og reglugerðir en allir stærstu vinnustaðir og áhættuþættir eru þó skoðaðir reglulega.

Einnig eru tilfallandi skoðanir vegna breytinga, leyfisveitinga eða sérstakra tilfella.

Dagleg umsýsla forvarnadeildar heyrir undir slökkviliðsstjóra. Gera skal kröfu um að slökkviliðsstjóri hafi starfsréttindi samkvæmt 15. og 17. grein laga nr. 75/2000. Reikna

má með að í forvarnarstarfið þurfi a.m.k. að vera 0,4 stöðugildi (af starfshlutfalli slökkviliðstjóra).

Helstu verkefni vegna forvarna eru:

- skoðun teikninga bygginganefndar
- eldvarnaráðgjöf
- úttekt á skoðunarskyldum stöðum,
- umsögn um brunavarnir vegna veitingu rekstrarleyfa
- sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum
- fræðsla fyrir fyrirtæki og almenning um eldvarnir
- fræðsla í skólum um eldvarnir
- að halda skrá yfir öll mannvirki og aðra staði þar sem eldsvoði getur valdið sérstakri hættu á manntjóni eða umtalsverðu tjóni á umhverfi eða öðrum verðmætum.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarnadeildar er í höndum slökkviliðsstjóra.

Þörf er á að ráða í stöðu eldvarnaeftirlitsmanns til að mæta kröfum sem gerðar eru samkvæmt lögum og reglugerðum um verkefni sveitarfélaga á sviði brunamála. Meðal ársverk eldvarnaeftirlitsmanns í fullu starfi eru 150 skoðanir. (uppl. frá Mannvirkjastofnun.) Í Dalvíkurbyggð eru 120 skoðunarskyldir staðir. (sjá fylgiskjal 1)

Sá sem sinnir eldvarnaeftirliti á að vera löggiltur eldvarnaeftirlitsmaður og hafa hlotið menntun á því sviði sem Eldvarnaeftirlitsmaður I, II og III hjá Brunamálastólánum. Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir Brunamálastólans. Eldvarnaeftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntun í samræmi við reglugerð um Brunamálastólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792 /2001

### **3. 3. Útkallsstarf**

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð útkallsdeildar er í höndum slökkviliðsstjóra.

Varaslökkviliðsstjóri ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra.

Útkallstarf skiptist í tvö svið; tækni - þróunarsvið og útkallssvið.

Tækni - þróunarsvið skiptist í 5 megin flokka:

- Almannavarnir
- Slökkvistarf
- Tæki og búnaður
- Umhverfis og mengunarvarnarmál
- Þjónustumál (sjá kafla 2)

Helstu verkefni eru að samhæfa búnað, menntun og þjálfun starfsmanna, þannig að þessir þættir samræmist þörfum liðsins, sem og lögum og reglugerðum um brunavarnir hverju sinni í samræmi við þjónustustig. Mat er lagt á einstaka þætti starfsseminnar og tillögur og áætlanir unnar út frá þeim. Sjá nánar æfingaráætlun í viðauka.

Á útkallssviði eru 2 starfseiningar samkvæmt eftirfarandi skipulagi;

- útkallseining: Dalvík
- útkallseining: Árskógsströnd

### **Helstu verkefni**

Útkallssvið hefur tvö megin þjónustuhlutverk:

- slökkvi- og björgunarstörf
- eftirlit tækja og búnaðar

Slökkviliðið sinnir verkefnum sem eru á sviði:

- björgunar- og slökkvistarfa
- umhirðu bifreiða og búnaðar
- æfingar og þjálfun starfsmanna
- slökkvistarf í skipum
- viðbrögð við mengunarslysum
- slökkvistarf í jarðgöngum
- björgun vegna umferðaróhappa
- þjálfun og æfingar
- dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð slökkviliðsins er á höndum slökkviliðsstjóra samkvæmt ákvæðum í lögum um brunavarnir Nr. 75/2000.

- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 60% slökkviliðsmanna að vera með gild reykköfunarréttindi, er þá helst litið til Múlagangna. Aðrir slökkviliðsmenn fá grunnþjálfun í reykköfun.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 60% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til að vinna klippuvinnu sem slökkviliðið annast.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna að hafa lokið grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 50% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til starfa vegna mengunarslysa.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til starfa vegna skipsbrun.
- Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til starfa vegna bruna í jarðgöngum.

Í slökkviliði Dalvíkur eru 19 hlutastarfandi slökkviliðsmenn, auk slökkviliðsstjóra, sem fá þjálfun í samræmi við reglugerð um menntun og þjálfun slökkviliðsmanna.

Einnig eru til staðar 10 slökkviliðsmenn, *Útkallslíð 2*, sem er skipað mönnum sem af ýmsum ástæðum hafa viljað draga sig úr fyrstu línu. Af þeim liðsmönnum eru 6 búsettir á

Árskógsströnd, þar sem staðsett er kerra með búnaði til slökkvistarfa, ef ófærð hamlar aðalliði för. Ekki er búnaður til reykköfunar í þeirri kerru.

Slökkviliðið kemur saman alla sunnudagsmorgna, er þá farið yfir tæki og búnað liðsins, vélbúnaður gangsettur og prófaður. Eða, haldinn er stuttur fyrirlestur um einhvern þátt starfsins, um 30 mín, og síðan er viðkomandi þáttur æfður í 2-4 klst, eftir hvað er æft. (sjá æfingaráætlun í fylgiskjali 2).

Gerð verður frekari áætlun um þjálfun samkvæmt ákvæðum í *Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna*. Þannig eiga menn að hljóta menntun, þjálfun og endurmenntun til að geta gengið í hvaða störf sem upp koma. Ekki hafa þó allir tilskilin réttindi til að aka meiraprófsbílum eða færni til að stunda reykköfun.

Í útköllum skipuleggur stjórnandi hvert verkefni manna er á ákveðnum stöðum.

Slökkviliðsmenn hafa sótt og munu sækja námskeið á vegum Brunamálaskólans fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn svo og endurmenntunarnámskeið (sjá fylgiskjal 3) í samráði við Brunamálaskólann.

Æfingar eru haldnar reglulega í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Æfingaráætlun er að finna í fylgiskjali 2. Æfingar miðast við að slökkvilið geti sinnt áætluðu þjónustustigi. Slökkviliðsstjóri gerir æfingaráætlun fyrir hvert ár.

Slökkviliðið sinnir menntun og símenntun starfsmanna í samræmi við kröfur Brunamálaskólans og þjónustustig slökkviliðsins. Sjá menntunarstig í fylgiskjali 3. og 3.1.

## **4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð**

Neyðarsvörun er í höndum Neyðarlínunnar og einnig sér hún um að kalla út slökkviliðið með SMS skilaboðum. Ekki er samfelld vakt hjá SD en boðun kemur frá Neyðarlínunni. Hver maður hefur GSM síma og hefur Neyðarlínan forgangsroðunarlista fyrir útköll.

Sama fyrirkomulag er við almannavarnaáðstæður.

### **4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf**

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við AVN Eyjafjarðar og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum AVN Eyjafjarðar. Helstu áhættur sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru meiriháttar mengunarslys á svæðinu t.d. ammoníuleki í frystihúsi og bruni í Promens.

### **4.2. Svar- og greiningartími**

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími þeirra 3.7 sek. og greiningartími er allt að 1.5 mín. Unnið er samkvæmt greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna og forsendum fyrir greiningu beiðna.

### **4.3. Boðunartími**

Neyðarlínan sér um boðun slökkviliðsins með SMS skilaboðum. Boðunin fer fram samkvæmt fyrirmælum slökkviliðstjóra. Viðmiðið sem notast er við er að fyrsti slökkviliðsmaður sé kominn úr stöð innan fjögurra mín. miðað við eðlilegar aðstæður, ef veður eða aðrar náttúruhamfarir hamla ekki. Varðandi slökkviliðið sér slökkviliðsstjóri um að uppfæra boðleiðir slökkviliðsmanna. Uppfærslur eru alltaf gerðar þegar breytingar verða á mannskap og er slökkviliðsstjóri ábyrgur fyrir því. Hjá SD er ekki gerður greinamunur á boðun slökkviliðs vegna almannavarnavár.

### **4.4. Virkjunartími**

Í slökkvistarfi er miðað við að vatn sé komið á stút innan 30 sek. frá því að dælubíll stöðvar við aðgerðarstað. Slökkvistarf á að vera komið í gang inna þriggja mín. frá því að slökkviliðið kemur á staðinn miðað við a.m.k. 5 slökkviliðsmenn séu mættir.

### **4.5. Viðbragðstími**

Viðbragðstíma er skipt upp í þrjú tímabelti og flokka (sjá mynd). Í fyrsta tímabeltinu, flokki I, eru aðgerðir hafnar innan 10 mín. frá boðun (grænt), í tímabelti tvö, flokki II, eru aðgerðir hafnar innan 20 mín. (gult) og í þriðja tímabeltinu, flokki III, eru aðgerðir hafnar innan 30 mín. (rautt). Þessi tímabelti eru sýnd á meðfylgjandi korti (sjá fylgiskjal 4 og 5). Ekkert mannvirki er utan 30 mín tímamarka. Þó er nauðsynlegt að hafa öflugara eldvarnaeftirlit og fræðslu í deifbýli sveitarfélagsins.

## 5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður

Afskriftarreglur og fjármagnsstefna er í samræmi við reglur og samþykktir sveitarfélagsins. Afskriftir eru samkvæmt afskriftareglum sveitarfélagsins. Búnaður er afskrifaður í samræmi við reglur og leiðbeiningar framleiðanda og/eða íslensk lög og reglugerðir.

Áætlaður ársrekstrakosnaður er um 25.567.000 fyrir árið 2015.

Húsnæði og helsti búnaður SD er:

### 5.1 Húsnæði

Slökkvistöð SD:

- Á Dalvík, Gunnarsbraut 6.
  - Byggingin er steinsteypt með límtrésbitum og yleiningar í þaki og langhlið, byggð árið 1984 og er 175,7 m<sup>2</sup>. Aðstaða er fyrir þrjá bifreiðar. Skrifstofa slökkviliðsstjóra er í húsinu, einnig er verið að innrétta snyrtingu. Sett hefur verið milliloft í hluta hússins, 58fm sem ætlað er sem fundar/kennslusalur og kaffi aðstaða. Þörf er á að stækka og bæta aðstöð til geymslu á ýmsum búnaði slökkviliðsins.
- Á Árskógsströnd, bílgeymsla við Leikskólann Leikbæ.
  - Steinsteypt 45fm, húsnæði, þar er kerra með búnaði til slökkvistarfa. Dregin af einkabifreiðum liðsmanna á staðnum

### 5.2 Bifreiðar

#### Bíll 64-131

IVECO árg. 1991 og ekinn 46.900 km. Fjórhóladrifsbíll. Í bílnum er 3300 L vatnstankur, dælugeta 2400 l/mín, One seven búnaður, F500 búnaður, klippubúnaður, 5 reykköfunartæki og allur almennur búnaður til slökkvistarfa. Einnig er bíllinn með 1.000 l/mín lausri fæðidælu. Sæti eru fyrir 8. Ástand gott. Bíllinn kom notaður til slökkviliðsins árið 2004.

#### Bíll 64-132

Ford F-Super Duty árg 1993 ekinn 5.000 km. Í bílnum er 1500 L vatnstankur, 1600 l/mín lágþrýstidæla, 80L froðutankur, 2 reykköfunartæki, klippubúnaður og allur almennur búnaður til slökkvistarfa. Sæti er fyrir 3.

Þörf er á að breyta framdriftsbúnaði bílsins en hann hefur tvisvar bilað á þessum 5000km sem bíllinn er ekinn. Að öðru leiti ástand gott.

#### Bíll 64-171

Dodge Ram 2500 árg 2006 ekinn 80.000 km. Í bílnum eru 1240 l/min laus dæla og 1400 l/min flotdæla, ásamt 3stk 4" sogbörkum. Og flestur búnaður til vatnsöflunar.

780m af 3" slöngum sem hægt er að keyra út einfalt eða tvöfalt. Einnig er hægt að taka 400m einingu úr bílnum í heilu lagi og draga út aftan í vélsleða. Bíllinn kom til slökkviliðsins 2014 og var breytt til núverandi notkunar á stöðinni á Dalvík. Ástand gott.

### 5.3 Annar búnaður

Hér er listaður upp helsti búnaður slökkviliðsins. Nánari búnaðarlista er hægt að nálgast á slökkvistöðinni á Dalvík.

#### Dætur (Lausar dætur.)

Ziegler árg 1989	1600 l/min	Ástand gott
Godiva árg 1975-85	1240 l/min	Ástand gott
Godiva árg 1975-85	1240 l/min	Ástand gott
Climax árg 1962	1240 l/min	Ástand gott
Climax árg 1962	1240 l/min	Ástand gott
Barebo flotdæla árg 1990	1400 l/min	Ástand gott
Honda árg.2004	1000 l/mín	Ástand gott

#### Dælugeta

Lausar dælu	8.960 l/min
Bílar	4.000 l/min
<u>Heildardælugeta</u>	<u>12.960 l/min</u>

#### Slöngur

4" stofnlagnir	155 m
3" stofnlagnir	1140 m
2 ½" fæðilögn	1060 m
2" vinnusl	120m
1 ½"vinnusl.	240 m
Ástand gott.	

#### Sogbarkar

4" 27m

Í góðu ástandi

#### Stútar

Stútar 700 l/mín B	3
AWG 375 l/min C	8
AWG 350 l/min C	10



Angus monitor 1600 l/min 2B	1	
Total froðust. 200 l/min C	3	
Vatnsveggur	2	
Í góðu ástand		

**Froðubúnaður.**

200 l/mín millifroðustútur	2	
200 l/mín þungfroðustútur		1
200 l/mín froðublandari.	1	
fastur froðublandari í bílum	2	
froðurör	1	
1 stk. froðurör fyrir háprýsting.	1	
80 l one seven froða		

**Hlífðarföt**

Hlífðarföt, hjálmar, stígvél og vettlingar fyrir 28 menn eru á slökkvistöðinni á Dalvík. Þess er gætt að hlífðarfatnaður reykkafara og annara þeirra sem eru í fremstu línu við slökkvistörf sé aldrei eldri en 10 ára. Búnaður annara í liðinu er í sumum tilfellum eldri, en þess er gætt að hann sé í góðu standi. Búnaður fyrir 2 menn fylgir kerru á Árskógssandi. Slökkviliðsmenn á Árskógsströnd hafa sína galla heimavið. Allur þessi búnaður þarfnast stöðugar endurnýjunar.

**Greinistykki.**

B-CC	1	
B-CBC	6	
BB-A	2	
		Í góðu ástandi

**Stigar.**

Álstigi 10m	1	Í góðu ástandi
Álstigi 9m	1	Í góðu ástandi
Álstigi 6m	1	Í góðu ástandi
Álstigi 3m	1	Í góðu ástandi

**Reykköfunartæki**

Fenzy 30 min m/ flöskum	7	Í góðu ástandi
Fenzy 30 min aukafloöskur	12	Í góðu ástandi
Loftpressa fyrir kúta		Í góðu ástandi
Kerra með 10 tækjum og loftbanka, staðsett á Akureyri (sameign Eyjafjarðar)		

**Björgunarklippur.**

Lucas klippur, glennur og tjakkur batteryknúíð	1 sett
Lancier dælustöð m/klippum, glennum og tjakk	1 sett
Vetter lyftipúðar með fylgihlutum	1 sett

**Reyklosunarbúnaður.**

Tempest blásari bensín	1
Rafmagnsblásari 16"	1
Festitjakkur f/blásara	1
Barki f/blásara 8m	1

**Annað**

Bensín rafstöð 2,2 kw	1
Dísel rafstöð 5 kw	1
Handverkfæri eru öll í góðu standi og eru yfirfarin mánaðarlega.	
Almenn handverkfæri, sagir, hamrar, kúbein, brotverkfæri o.fl.	Heild

Sameiginlegur mengunarvarnabúnaður /gámur fyrir Eyjafjörð er geymdur á slökkvistöðinni á Akureyri

**Kerrur**

Slökkviliðið á kerru með Ziegler 1600 l/min dælu, sogbarka og 4" slöngu. með viðeigandi verkfærum og auka eldsneyti.

Í bílageymslu við við Árskógarskóla er ein kerra með Climax 1240 l/min dælu, 450 m 2 ½"slöngu, 60 m 1 ½" slöngu, greinistykki og 2 stk. 350 l/min AWG stútar. Búnaður þessi er hugsaður til að liðsmenn S.D. búsettir á þessum stöðum geti lagt stofnæðar og hafið slökkvistarf strax, áður en dælubílar og fleiri liðsmenn koma frá Dalvík.

Á slökkvistöð er samskonar kerra sem var á Árskógssandi, en hefur ekki verið fundinn nýr staður.

Búnaður slökkviliðsins er yfirfarinn reglulega. Þar með talið allar aflvélar gangsettar a.m.k. mánaðarlega.

**5.4. Fjarskipti**

Notast er við VHF fjarskipti á lokuðum rásum slökkviliðsins. Fjarskipti við Neyðarlínu fara fram á Tetra. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á að viðhald, endurnýjun og rekstur sé með eðlilegum hætti. Allir slökkviliðsmenn hafa GSM síma sem Slökkvilið Dalvíkur greiðir afnotagjald af.

- Talstöðvarbúnaður fyrir reykkafera .....6 stk.
- Talstöðvarbúnaður fyrir reykköfunarstjórnanda.....2 stk.

- Handstöðvar VHF.....8 stk
- Fastar talstöðvar í slökkvibifreiðum.....0 stk
- Tetra handstöðvar.....3 stk.

**5.5. Viðvörðunarbúnaður**

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við almannavarnir og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum almannavarna. Engir brunalúðrar eru lengur til staðar né almannavarnarflautur.

**5.6. Æfingarsvæði**

Slökkviliðinu hefur verið úthlutað staður fyrir yfirtendrunargám í malarnámi sunnan Dalvíkur. Stefnt er að því að koma þar upp æfingaaðstöðu fyrir yfirtendrun fyrir árslok 2015

**5.7. Annað**

SD sér ekki um sjúkraflutninga.

## 6. Landupplýsingar

Landfræðilegt þjónustusvæði SD nær yfir Dalvík, Svarfaðardal og Árskógsströnd. Það er úr miðjum Ólafsfjarðargöngum í Ólafsfjarðarmúla suður að Fagraskógi þjv.82, fjarlægðir eru 18 km að Fagraskóg og 17 km inn í mið göng. Lengsta leið SD er að sveitabænum Koti í Svarfaðardal en hún er um 25 km. eða um 20 mín akstur. Landakort eru í bílum og á slökkvistöð.

## 7. Vatnsból og brunahanar

Á Dalvík eru 20 brunahanar víðsvegar um bæinn með tengingu við vatnsforðabúr bæjarins, sem er 1.500.000L tankur sem stendur í 60 m hæð, norðan Brimnesár. Vatnstaka er á eyrum í landi Bakka í Svarfaðardal, í um 40 m h.y.s. Er þar til staðar dælubúnaður og varaafstöð, sem dælir vatni 9 km leið til Dalvíkur. Á Litla Ársskógsandi eru 3 brunahanar og á Hauganesi eru 2 brunahanar. Á iðnaðsvæðinu við Melbrún er 1 brunahani sem og 1 við Árskógar skóla. Þá eru brunahanar fyrir öll býli frá Stærri Árskógi að Hámundarstöðum. Þeir hafa allt að 6 bar stöðuprýsting, en vatnsmagn fer niður í 353 l/min sjálfrennandi við Stóru Hámundarstaði. Vatnsforðabúr fyrir Árskógsand og Hauganes er á Birnunesborgum ca 40 m.y.s.

Í Svarfaðardal austanverðum eru 7 brunahanar er þjóna bæjum allt fram að Skeggsstöðum. Í vestanverðum dalnum eru 9 allt fram að bænum Bakka

Vatnsból í dreifbýli eru misjöfn eftir stöðum allt frá því að ekkert vatn er í námunda við bæi og til þess að gnægð vatns er við bæjardyrnar. Í slökkvibifreiðum eru kort af staðsetningu brunahana í Dalvíkurbyggð. Einnig er þar kort yfir öll þau mannvirki sem eru utan seilingar vatnsveitu, þar sem eru upplýsingar um mannvirki, vatnsból og vegalengdir þar á milli.

Viðhald brunahana er á vegum Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar og sér hún um að mæla afkastagetu þeirra. Þessum upplýsingum á að koma til slökkviliðs jafnóðum og þær eru klárar. Nánari upplýsingar er að finna hjá Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar.

## 8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur

Dælugeta slökkviliðs er 12900 l/mín og fjöldi slökkviliðsmanna er 20. Miðað við þessar forsendur og allir mæta getur slökkviliðið ráðið við byggingarar (brunahólf) sem eru um 1400 m<sup>2</sup> (þetta miðast við að 20 slökkviliðsmenn geta annað 7000 l/mín). Ef aðeins helmingur slökkviliðsmanna mætir fer þessi tala niður í 700 m<sup>2</sup>. Það er mat slökkviliðsstjóra að slökkviliðið ráði ekki við stærri áhættur en þær sem eru innan við 1000 m<sup>2</sup>.

Vegna umfangs nokkurra bygginga getur þurft að leita aðstoðar hjá nærliggjandi slökkviliðum til að hvíla þann mannskap sem er á staðnum. Sama á við um ef eldur er í stærri byggingum.

Slökkvi- og aðkomuáætlanir eru til fyrir helstu byggingar á svæði slökkviliðsins

Stærstu áhættur SD eru taldar hér upp á svæði slökkviliðsins á Dalvík. Til er áætlun fyrir:

### Frystihús Samherja hf, Hafnarbraut 1

Byggingin er að mestu steinsteypt, byggð 1958 til 2000 og er á um 3000 ferm. grunnfleti. Byggingin getur öll talist fimm brunasamstæður, en þó er opið með nokkrum leiðslum og opum. A-EI60 hurðir eru ekki allar sjálflokandi. Um 70x70 op fyrir færiband er á milli vinnslusala við A-EI60 hurð. Gólf rishæðar er timbur. Timburgólf er yfir frystiklefa og þar eru óvarðir stálbitar í gólfi. Sama á við um öll þakrými. Að nýbyggingu eru EI-C60 hurðir. Opið er að kassageymslu. Opið er á milli hæða.

Sunnarlega með austurhlið er karageymsla. Þetta er stálgrindarhús sem er óeinangrað. Í þaki eru átta reyklosunarop. Opið er að tengibyggingu og þaðan er opið að 1. hæð (móttöku). Einnig er nýbygging með austurhlið (norðurhluta). Veggir eru steiptir. Þarna er umbúðageymsla og lyftaraherbergi innan veggja út yleiningum 8 (steinull). Yfir hæðin er þakrými en loftið í salnum er klætt með búrústáli og steinull (tvö reyklosunarop). Einnig er opið (bílskúrshurðir) að svæði fyrir framan frystiklefa. Í eldri hluta er kæliklefi að mestu á 1. hæð. Opið er upp á 2. hæð um færiband. Að aðstöðu vélarsal er A-EI-C60 hurðir. 2. hæð er skipt í tvennt með steiptum vegg og er A-EI60 hurð fyrir opi en opið með færibandi. Í vesturhluta er aðstaða starfsfólks og skrifstofur. Á 3. hæð er borðsalur starfsfólks og þar er leið um svalir og stiga. Frá aðstöðu við verkstjórahherbergi er stigi upp á þakrými sem er yfir allri 2. hæðinni. Stálbitar eru þarna óvarðir og halda lofti salar upp. Þarna eru loftstokkar til reyklosunar. Í norðurhluta er geymsluloft sem eru skipt í tvennt með steiptum vegg og A-EI-C60 hurð. Gólf eru þar timbur. Timburveggir eru að súð með steinull. Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í byggingunni.

### *Niðurstöður;*

*Litlar líkur á eldsvoða, en ef eldur verður laus má búast við talsverðu tjóni. Töluverðar birgðir ammoníaks eru í húsinu og í geymi við norðurstafn. Ammoníakleki getur orðið almannavarnaástand sem er mikil og stór aðgerð sem margir þurfa að koma að, og kalla gæti þurft aukinn búnað frá Akureyri. Aðgerðir slökkviliðsins miðast við hvaða vindátt er og hættu á ammoníaksleka. Slökkviliðið ætti að geta haldið eldi í skefjum í húsnaðinu eftir að úrbætur samkvæmt brunatæknilegri hönnun hafa verið uppfylltar. Ef um vinnslustöðvun vegna bruna verður í frystihúsinu, má búast við að það hafi mikil áhrif á atvinnuástand á Dalvík. Unnið er að lausnum til að bæta hólfun. Brunaviðvörðunarkerfi er í allri byggingunni. Aðkoma slökkviliðsins er góð og brunahanar eru í nágrenninu og stutt er í sjó. Ef um mikinn eld er að ræða þarf aðstoð frá nágrenna slökkviliðum.*

### Promens Dalvík, Gunnarsbraut 12;

Bygging 1 er ein brunasamstæða, en þrjú brunahólf. Byggingin hefur verið byggð í fjórum áföngum á árunum 1987 til 1997. Grunnflötur er 3758 ferm. Milligólf er aðskilið með EI60 vegg og EI-30 hurð (hurðir á hæðinni að milligólfi eru ekki allavega EI30 hurðir). Hluti stálbita eru varðir (ekki á

milligólfi). Í norðurhlutanum er vinnusvæði og einnig með allri vesturhlið. Steyptur veggur er allan úthringinn í um 3 m hæð. Loft (þak) er klætt með búrústáli. Í suðurhlutanum er milligólf og er það steyp. Frá vinnslu að milligólfi er EI60 veggur (aðeins opinn í dag vegna framkvæmda). Á milligólfinu er mest geymsla. Þar hvíla stálbitar á plötunni vegna burðar stálgrindar. Undir milligólfi eru skrifstofur, kaffistofa og geymsla. Hurðir að stiga ná ekki að vera EI-CS30 hurðir. Stálbitar í vinnslusal eru klæddir með stáli og einangraðir með steinull.

Bygging 2 er fjórar brunasamstæður. Veggir eru A-REIM120 og hurðir A-EI-C60. Veggir að verkstæði og geymslum með vesturhlið eru EI60. Hluti veggja á milli húshluta er úr timbri og með tréhurð (þarf að athuga þar sem þarna á að vera A-REIM120 veggur með A-EI-C60 hurðum).

Í suðurenda eru skrifstofur á annarri hæð og á neðri hæð er aðstaða starfsmanna. Í steypum vegg er A-EI60 hurð að vinnslusal. Með hluta vesturhliðar salarins er verkstæði innan EI60 veggja og þar fyrir ofan er geymslu loft. Burður þaks er límtré og Heraklít er í lofti. Gluggar eru upp við þak. Steyptur veggur að mestu leyti er að norðurhlutanum og í veggnum eru A-EI60 hurð og timburhurð. Þar sem timburhurðin er, er veggur úr timbri. Í austurenda er hráefnisgeymsla. Hún er innan A-EI60 veggja og með A-EI60 hurð. Úðakerfi (sprinkler) er í öllu húsinu nema í skrifstofuhlutanum. Úðakerfið er yfirfarið reglulega af viðhaldsdeild og er inntakið við stiga í suðvesturhorni.

*Niðurstöður;*

*Ekki miklar líkur á eldsvoða en verði hann má búast við að áhrif hans verði töluverð á atvinnuástand. Verði eldur laus má búast við stórtjóni ef slökkvilið ræður ekki niðurlögum hans í upphafi. Brunahani eru í næsta nágrenni svo og sjórinn og Brimnesá. Slökkviliðið ræður við eldsvoða í byggingunni ef allar forsendur varðandi hólfanir halda. Í byggingunni er vatnsúðakerfi sem á að halda eldi í skefjun, samkvæmt brunahönnun. Aðkoma slökkviliðs er góð. Ef um mikinn eld er að ræða gæti þurft aðstoð frá nágretta slökkviliðum.*

### Dalbær, heimili aldraðra, v/ Kirkjuveg

Byggingin er steinsteypt, byggð árið 1978 og 1994 og er á 2683,9 ferm gólfleti. Byggingin er í dag ein brunasamstæða. Á annarri hæð eru E-C30 hurðir inn á ganga og einnig inn á ganga á 1. hæð til suðurs og vesturs. Frá setustofu að borðsal er E30 hurð og E-CS30 hurðir á neðri hæð (nýbyggingar). Einnig eru EI-CS30 hurðir að stigagangi í nýbyggingu. Hurðir herbergja eru við það að vera EI30 hurðir en án reykþéttinga.

Á fyrstu hæð (eldri hluti) eru herbergi og geymslur í suðurhluta. Í vesturhluta eru nokkur herbergi, æfingasalur, geymslur og félagsaðstaða í dag. Veggir eru steypir en hurðir að mestu spjaldahurðir en með heitþéttilista. Á annarri hæð eru einstaklingsherbergi, eldhús, borðsalur, sjúkraherbergi, setustofa og geymslur. Seturstofa er við stigaganginn á milli hæða og þar er einnig lyfta. Frá setustofu er hurð að nýbyggingu (borðsal og eldhús). Nýbyggingin; Á neðri hæð eru skrifstofur og aðstaða starfsfólks. Veggir eru EI60 og hurðir EI-S30 en með E30 gleri. Á annarri hæð er borðsalur og eldhús. Þar er vörulyfta. Burður þaks er frá límtré. Vörulyfta í eldhúsi er opin inn á þakrymið. Veggir herbergja eru REI60 veggir. E-C30 hurðir eru á segulgripi. Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í byggingunni.

*Niðurstöður;*

*Ekki eru mikil líkindi á eldsvoða en verði hann er afleiðingin talsverð þar sem margir þurfa að koma að ef rýma þyrfti alla bygginguna. Slökkviliðið ræður við eldsvoða í stofnuninni ef allar forsendur varðandi hólfanir halda. Aðkoma slökkviliðs er góð og þrír brunahanar í næsta nágrenni. Ef bruni verður eru líkur á að aðstoð þurfi frá björgunarsveit við rýmingu.*

### Dalvíkurskóli, Skíðabraut 12

Byggingin er ein brunasamstæða, en getur verið ein fimm brunahólf. Byggingin er byggð árin 1982, 90 og 99 og er á 3051 ferm. Hurðir eru EI30 hurðir, en ekki reykþéttar né sjálflokandi. Veggir eru EI60 veggir og einnig steyptir. Frá göngum eru vínihurðir að stofum. Loftstokkar liggja um bygginguna.

Á fyrstu hæð eru kennslustofur, geymslur og snyrtingar. Á annarri hæð er vinnuaðstaða kennara, kaffistofa og tvær kennslustofur.

Veggir eru steiptir. Allar hurðir eru EI30 hurðir. Hurðir eru ekki reykþéttar og þær hurðir sem þurfa að vera sjálflokandi eru það ekki (hurðir sem skipta húsinu). Hurðir kennslustofa sem eru að miðrymi hússins eru víníl (harmonikku) rennihurðir.

Loft efri hæðar er blikklætt, panelklætt og einangrað með steinull. Í suðurhlutanum er aðstaða kennara en í norðurhluta er bókasafn og lesstofa (kennslustofa). Frá lesstofu er gler að neðri hæð. Efri hæðin er mikið opin niður á neðri hæð.

Viðbygging er í vestur við eldra hús. Í þessari byggingu er bókasafn og sérkennslustofa. Til austurs er nýjasti hluti skólans er hýsir eldhús, mat/samkomusal, smíðastofu, ásamt almennum kennslustofum, á annari hæð eru 2 kennslustofur auk skrifstofa. Lyfta er í þessum hluta skólans. Gegnt er frá nýjasta hluta skólans í þann eldri, um tengigang á báðum hæðum og eru tvöfaldar EI30 hurðir þar á

*Niðurstöður;*

*Líklegt er að brunatjón verði ekki mikið ef eldur brýst út í byggingunni þar sem brunahólfun er nokkuð viðunandi og viðvörunarkerfi er til staðar. Útgönguleiðir eru í þokkalegu standi og merktar. Aðkoma að skólanum er góð og brunahanar 20 - 30 m. frá byggingunni. Slökkviliðið ræður við eld í byggingunni.*

### Fosshótel Dalvík, Skíðabraut 18

Byggingin er ein brunsamstæða, en fimm brunahólf. Byggingin er bygg árið 1973 og er 1270 ferm. Hurðir stigagans eru E-CS30. Allir veggir milli herbergja eru steiptir. Hurðir herbergja EI-CS30.

Kennslustofa úr timbri er norðan við bygginguna og hefur verið byggt á milli húsanna. Byggingin er steinsteypt á tveimur hæðum og kjallara. Þök er slétt og klædd með gúmmídúk og einnig tjörudúk. Í byggingunni er hótél. Í kjallaranum er; lítill salur (setustofa), gistisherbergi og sjúkrahjálfun er með aðstöðu í norðurhluta kjallara. Frá litlum sal er gangur að herbergi þar sem stigi er upp í íbúð. Einnig eru þarna nokkur herbergi. Í norðurendanum er neyðarútgangur. Þar er færanleg kennslustofa (sambyggð). Í suðurhluta fyrstu hæðar er íbúð. Ekki er samgangur á milli hótels og íbúðar. Er komið er inn frá anddyrinu er komið í setustofu. Frá setustofunni eru E-CS30 hurðir að borðsal og eldhúsi sem er í suðveturhorninu. Þessi hluti er á einni hæð. Til norðurs frá setustofunni á fyrstu hæð er stigagangurinn. Á fyrstu hæð (til norðurs) eru gistisherbergi. Frá stigaganginum er E-CS30 hurð. Á annarri hæð eru gistisherbergi eins og á fyrstu hæð. Einnig er eitt herbergi á stigapallinum. Steipt plata er yfir hæðinni. Búið er að loka svölum þar sem neyðarútgangur er en EI-CS30 hleri er í svalagólfi að stiga sem liggur niður til jarðar. Sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi er í byggingunni.

*Niðurstöður;*

*Ekki eru mikil líkindi á eldsvoða en verði hann er afleiðingin talsverð þar sem margir þurfa að koma að. Slökkviliðið ræður við eldsvoða í byggingunni ef forsendur varðandi hólfanir halda. Aðkoma slökkviliðs er góð og brunahanar í næsta nágrenni.*

### Ytra-Holt, hesthús.

Byggingin er byggð árið 1985 og er stálgrindarhús og er um og yfir 3000 ferm. Reiðhöllin er opinn inn í gang við hesthús. Hesthúsum er skipt niður með steiptum og hlöðnum veggjum. Hurðir eru EI60 (A60). Veggurinn er opinn upp við sperrur. Félagsaðstaða er innan timburveggja. Stálgrindin er óvarinn.

Byggingin var áður refabú. Burður byggingarinnar er stálgrind sem er styrkt með stálstoðum.

Í norðurhluta byggingarinnar er reiðhöll (æfingarsvæði). Þessi hluti er óeinangraður. Í þaki eru reyklosunarop. Stór hurð er í austurenda. Í vesturhluta er hesthús. Frá reiðhöll er opið að gangi hesthúsahluta.

Hesthúsahlutinn er í suðurhlutanum. Gangur er eftir miðri byggingunni. Til beggja handa eru hesthúsin (með langhliðum). Veggur gangs er steiptur og síðan er hann hlaðinn upp í þak. Eins uppbyggðir veggir eru byggðir frá vegg gangs út í útvegg til að skipta eignahlutum. Þó geta verið fleiri en einn eignarhluti innan hvers rýmis. Venjan er að veggurinn sé á fimmtu hverri stálsperu.

## Brunavarnaáætlun fyrir Dalvíkurbyggð

Hurðir frá gangi eru EI60 hurðir. Nokkuð er um það að í hesthúsum séu milligólf. Í hverju bili er hlaða og hesthús. Loftstokkar eru frá gangi inn í bilin. Norðarlega á hesthúsagangi er lítil félagsaðstaða innan timburveggja en klæðningar eru spónaplötur.

*Niðurstöður;*

*Hugsanlega þarf aðstoð björgunarsveitar að við bjarga hrossum. Líkur á stórbruna eru ekki miklar. Slökkviliðið á Dalvík á undir venjulegum kringumstæðum að ráða við eldsvoða í hesthúsinu ef forsendur varðandi hólfanir halda á milli hesthúsarýma. Aðkoma slökkviliðs er góð og brunahanar eru úti á þjóðveg*

### Samkaup-Úrval / Húsasmiðjan

Byggingin er byggð í nokkrum áföngum. Miðhluti er steinsteypt bygging á 3 hæðum með kjallara undir hluta hússins. Á neðstu hæð þessa hluta er Húsasmiðjan til húsa, sem og í viðbyggingu til vesturs. Á efri hæðum eru ýmsar skrifstofur með starfssemi sína. Byggingin er hefðbundið steinsteypt hús, og á hver hæð að vera stúkuð af m.t.t. bruna, en ekki eru fullnægjandi brunaskil við hringstiga sem er inn í miðju húsinu.

Norðurhluti byggingarinnar, hluti Samkaup-Úrval, er nýjasti hluti byggingarinnar, byggt 1985 á límtrésgrind, með Heraclit plötum í lofti. Góð reyklosun er í þessum hluta byggingar, um mænisglugga úr plasti í miðri verslun, og í andyri.

Flóttaleiðir eru ágætar í allri byggingunni, lagfæra þarf neyðarlýsingu og brunahólfun. Unnið er að úrbótum

*Niðurstöður;*

*Litlar líkur eru á eldsvoða í byggingunni. Slökkvilið Dalvíkur ræður við bruna í þessari byggingu, en líta má til þess að umtalsverð samfélagsleg áhrif verði í byggðalaginu ef bruni verður, þar sem þarna starfa eina matvöruverslun byggðarlagsins, sem og eina byggingavöruverslunin.*

### Múlagöng

Múlagöng í Ólafsfjarðarmúla voru tekin í notkun í desember 1990 og eru aðal samgönguæð milli Dalvíkurbyggðar, og Fjallabyggðar. Göngin eru 3.140m löng, 5m breið, og 6m há, einbreið að stærstum hluta, en útskot eru til mætinga á 160m fresti, vegskálar til varnar lokun vegna skriðufalla eru 165m í Ólafsfirði og 90m Eyjafjarðarmegin. Umferð frá Fjallabyggð hefur forgang í göngunum

*Niðurstöður;*

*Stórlega er ábótavant brunavörnum í Múlagöngum, eru göngin klædd að stórum hluta með polyethylene mottum sem brenna ef borinn er að þeim eldur, þannig að mikil hætta skapast ef upp kemur eldur inn í miðjum göngum. Að ekki sé talað um á mestu álagstímum.*

*Unnið er að úrbótum til að geta lokað göngunum fjarstýrt, þannig að ef til eldsvoða eða slys kemur inn í göngum er hægt að stöðva umferð inn í göngin, þar til fyrstu viðbragðsaðilar koma á vetvang. Einnig er unnið að uppsetningu loftræstiblásara í göngunum, ásamt handvirku stýrikerfi við gangnamunna.*

## **Á svæði slökkviliðs á Árskógsströnd**

### Árskógarskóli (skóli, félagsheimili)

Byggingarnar eru byggðar á árunum 1928, '50, '66 og '75. Árskógarskóli I; (yfir 700 ferm.) Byggingin er ein brunasamstæða. Frá ípróttasal eru E30 hurðir og einnig eru EI-S60 flekahurðir í húsinu. Ípróttasalur er í norðurhluta byggingarinnar. Veggir eru múrhúðaðir. Í lofti eru gifsplötur. Frá salnum eru E30 hurðir að rými sem er með austurhlið og að anddyri. Að leiksviði/kennslustofu eru



flekahurðir EI-S60. Einnig eru flekahurðir að borðsal í suðvesturhorni. Eldhús er í suðausturhorni. Þar er gaseldavél og eru gaskútar í kassa á austurhlið. Frá stigagangi eru E30 hurðir. Gifspötur eru í nær öllum loftum. Þakrými er yfir suðurhlutanum og er hleri upp á það í gangi. Í anddyri eru salerni. Kjallari er undir hluta hússins, sem í er smíðastofa, handavinnustofa og geymslur. Neyðarútgönguleið er úr kjallara..

Árskógarskóli II; (rúml. 600 ferm.) Byggingin er ein brunasamstæða. Í steiptum vegg á milli gangs og aðstöðu kennara er spjaldahurð. Spjaldahurðir eru að öllum kennslustofum. Í kjallara eru tvær kennslustofur og bókasafn. Opnanlegir gluggar eru á stofum. Á hæðinni er aðstaða kennara í suðurenda og í steiptum vegg er spjaldahurð að stigagangi og gangi. Kennslustofur eru á hæðinni. Veggir eru steiptir nema að einni stofu er timburveggur. Salerni eru í norðausturhorni. Útidyr eru í enda gangsins í norðvestur. Hleri er á gangi upp á þakrýmið.

*Niðurstöður;*

*Um 15 mínútur tekur fyrra slökkviliðið að mæta á staðinn. Líklegt er að brunatjón verði verulegt ef eldur brýst út í Árskóg. Il en þar sem húsið er eitt brunahólf. Útgönguleiðir eru í lagi. Aðkoma að skólunum er góð og aðal slökkvivatn er brunahani sem staðsettur er í námunda við skólann og sundlaug skólans svo og tankbílar. Árskógur I á að vera viðráðanlegur ef eldur uppgötvast á byrjunarstigi. Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi í byggingu I, er ekki tengt vaktstöð*

## 9. Hafnir og mörk þeirra

Hafnarmannvirki eru á þremur stöðum á starfssvæði Slökkviliðs Dalvíkur; á Dalvík, Árskógssandi og á Hauganesi. Gera þarf skriflegt samkomulag á milli Hafnastjórnar Dalvíkurbyggðar og slökkviliðs um aðkomu að mengunarslysum og bruna í skipum sem eru bundin við bryggju.

Dalvíkurhöfn er fiskihöfn sem heyrir undir Hafnastjórn Dalvíkurbyggðar, þar eru bryggjukantar 509 m. Lengd bryggju við norðurgarð er 150 metrar og dýpi þar við 6,5 m. Sjá nánar loftmyndir í fylgiskjali 6 og 7. Dalvíkurhöfn sér um mengunarmál á sjó og lóðréttum bryggjuköntum. Höfnin er skv. skilgreiningu Siglingastofnunar meðalstór fiskihöfn, og ferjuhöfn Sæfara til Grímseyjar og Hríseyjar. Lítil umferð skipa annara en fiskiskipa og ferju er um höfnina.

Höfnin á Árskógssandi er samkvæmt sömu skilgreiningu Siglingastofnunar bátahöfn og þaðan gengur ferjan Sævar til Hríseyjar. Þar er bryggjukantur 234 m lengd bryggju 60 m og dýpi þar 5 m.

Höfnin á Hauganesi er ekki skilgreind hjá Siglingastofnun en hún er lítil bátahöfn. Dýpi við bryggju er 3 – 4 metrar.

Slökkvilið Dalvíkur mun sjá um brunavarnir og mengunarslys á hafnarsvæðum í samráði við starfsmenn Dalvíkurhafnar. Hafnarstarfsmenn hafa sótt námskeið um öryggis og mengunarmál hafna og hafa minniháttar búnað til uppsogs mengandi efna.

Komi til frekari vinnu vegna mengunar í höfnum Dalvíkurbyggðar er samkvæmt munnlegum samningi þar um, kallað til aðstoðar frá Akureyrarhöfn, sem hafa tiltækann töluverðan búnað til mengunarvarna. Nánari upplýsingar um búnaðinn er hægt að nálgast á slökkvistöðinni á Dalvík, eða hjá Akureyrarhöfn.

Slökkviliðstjóri er ábyrgur fyrir slökkvistarfi og viðbrögðum við umhverfismengun á landi hafnarsvæðis í samráði við Hafnastjórn Dalvíkurbyggðar.

## **10. Samkomulag og samningar**

Umtalsvert samstarf er við þá aðila sem snerta starfsemi SD. Fáir skriflegir samningar eru til við samstarfsaðila en fyrirhugað er að gera slíka samninga. Helstu samstarfsaðilar eru:

### **Samningar til staðar**

- Slökkviliðin við Eyjafjörð, gagnkvæm aðstoð.

### **Samningar sem þarf að gera.**

- Björgunarsveitin Dalvík
- Hafnastjórn Dalvíkurbyggðar, vegna mengunarmála við hafnir

### **Samstarfsaðilar**

- Mannvirkjastofnun, vegna brunamála, eldvarnaeftirlits og brunamálaskólans
- Neyðarlínan 112, vegna neyðarsvörunar og boðunar
- Almannavarnir Eyjafjarðar, vegna hlutverks SD í almannavarnakerfinu
- Byggingarfulltrúinn á Dalvík, vegna forvarna og byggingamála
- Lögreglan, vegna ýmissa sameiginlegra verkefna
- Skrifstofa Dalvíkurbyggðar, vegna fjármála og stjórnsýslu
- Vatnsveita Dalvíkurbyggðar, vegna slökkvivatns og brunahana
- Vegagerðin

## **11. Annað**

Varaafsstöðvar eru fyrir dælustöðvar hitaveitunnar og vatnsveitunnar.

Fjarskiptamöstur vegna síma eru staðsett á nokkrum stöðum í Dalvíkurbyggð og vegna útvarps norðan við bæinn, í landi Hóls.

## 12. Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun

Tillögur til breytingar á húsnæði, bifreiðum, menntun og búnaði SD koma hér fyrir neðan ásamt framkvæmdaáætlun.

### 12.1. Húsnæði

Slökkvistöðin er nú þegar of lítil fyrir þann búnað og mannskap sem áætlaður er nauðsynlegur fyrir starfsemi slökkviliðssins.

Ekkert brunaviðvörðunarkerfi er í húsnæði slökkvistöðvar og þarf að ráða bót þar á. Bæta þarf aðstöðu til geymslu á ýmsum búnaði liðsins, svo sem slöngum, froðubirgðum, viðhaldsvörum ofl. Einnig er snyrting aðeins hálfkláruð. Mála þarf húsnæðið að innan.

Gera þarf ýmsar lagfæringar á skrifstofuaðstöðu slökkviliðsstjóra.

Aðstaða slökkviliðsins við Árskógarskóla er einungis til bráðabirgða, þörf er á að finna búnaði liðsins varanlegan stað á Árskogsströnd.

### 12.2. Bifreiðar

Endursmíða þarf breytingu á framdrifi á Ford bifreið.

Þörf er á að breyta framdriftsbúnaði bílsins, en hann hefur tvisvar bilað á þessum 5000 km sem bílnum hefur verið ekið.

Framtíðarsýnin er að slökkviliðið fái tankbíll, með 6-10 tonn vatns, og öflugri dælu þannig að betur megi þjóna þörfum þeirra staða sem erfitt er með vatnsöflun. Yrði það kjörin viðbót við one sewen búnað Iveco bílsins. Einnig þarf tankbíll að vera búinn monitor til viðbragðs við eld í jarðgöngum.

### 12.3. Menntun og búnaður

- haldið verði áfram að viðhalda slöngu eign SD
- Allir liðsmenn standist læknisskoðun og þrekpróf,
- viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna
- bæta við reykköfunartækjum og auka við lofthylki
- koma þarf upp lágmarks viðbúnaði við mengunarslysum fyrir árslok 2015
- halda áfram uppbyggingu fjarskipta liðsins
- útvega svæði og byggingar til æfinga fyrir slökkviliðið til að bæta æfingar
- auka þarf æfingar slökkviliðsmanna vegna slökkvistarfs í skipum, jarðgöngum og þjálfunar vegna mengunarslysa
- halda áfram uppsetningu brunahana í sveitum
- klára skyldumenntun slökkviliðsmanna
- viðhalda sí og endurmenntun fyrir slökkviliðsmenn
- mælingar á vatnsveitukerfum og lagfæringar þar sem við á

- eldvarnareftirlit verði eflt og aukið
- endurnýja lausar dælur
- gera samninga við samstarfsaðila
- senda slökkviliðsmenn á sérhæfð námskeið s.s. um bruna í jarðgöngum, eitur efni ofl

#### **12.4. Framkvæmdaáætlun**

**Helstu atriði sem hafa mikið gildi vegna gerða fjárhagsáætlunar á næstu árum.**

##### **Á árinu 2016:**

- viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna
- keyptar verða tvær VHF talstöðvar
- keypt verði tvö reykköfunartæki ásamt auka loftkútum
- viðhalda og endurnýja eftir þörfum annan búnað slökkviliðsins
- aðstaða fyrir hlífðarfatnað endurbætt
- haldið áfram að byggja upp og viðhalda slöngueign SD
- endurmenntunarnámskeið fyrir slökkviliðsmenn
- auka þarf æfingar slökkviliðsmanna vegna slökkvistarfs í skipum, jarðgöngum og þjálfunar vegna mengunarslysa.
- Lagfæringar á slökkvistöð á Dalvík
- 

##### **Á árinu 2017:**

- viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna
- kaupa reykköfunartæki
- keyptir verða tveir auka loftkútar
- æfingasvæði fyrir slökkvilið útbúið
- senda tvo slökkviliðsmenn á námskeið um bruna í jarðgöngum
- haldið áfram að byggja upp og viðhalda slöngueign SD
- húsnæði Árskósströnd
- auka við mengunarslysabúnaðinn
- kaupa mónitor
- viðhalda og endurnýja eftir þörfum annan búnað slökkviliðsins
- Endurnýja eina lausa dælu

**Á árinu 2018:**

- viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna
- endurnýja og bæta fjarskiptabúnað slökkviliðsins
- Endurnýja Ford bifreið
- haldið áfram að byggja upp og viðhalda slöngueign SD
- endurnýja lausa dælu
- endurmenntunarnámskeið fyrir slökkviliðsmenn
- viðhalda og endurnýja eftir þörfum annan búnað slökkviliðsins

**Á árinu 2019:**

- viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna
- haldið áfram að byggja upp og viðhalda slöngueign SD
- kaupa reykköfunartæki
- endurmenntunarnámskeið fyrir slökkviliðsmenn
- undirbúa kaup á tankbíl sem kæmi um 2020
- endurnýja lausa dælu

**Á árinu 2020:**

- viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna
- haldið áfram að byggja upp og viðhalda slöngueign SD
- senda tvo slökkviliðsmenn á þjálfunarstjóranámskeið

## **Dreifingarlisti**

- Almannavarnarnefnd Eyjafjarðar
- Dalvíkurbyggð
- Slökkvilið Akureyrar
- Björgunarsveitin Dalvík
- Slökkvilið Fjallabyggðar

## **Heimildir**

Lög um brunamál nr. 75/2000

Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar sveitarfélaga sept. 2001

Reglugerð nr. 198/1994 Um Eldvarnareftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun.

Drög að reglugerð um búnað og tækjakost slökkviliða ár 2000.

Uppl.um hafnir.

# ***Fylgiskjöl***



## Fylgiskjal 1

### Skoðunarskylda eldvarnaeftirlits

#### Skoðun, tvisvar á hverju ári

Tegund / starfsemi

Dalvíkurkirkja

Félagsheimilið Rimar

Grunskólinn á Dalvík

Tegund / starfsemi

Íþróttahúsið Dalvík

Promens, Gunnarsbraut 12

Samherji, frystihús, Hafnarbraut 1

#### Skoðun, einu sinni á hverju ári

Tegund / starfsemi

Árskógarskóli

Árskógur, félagsheimili

Berg menningarhús

BHS, Bíla- vélaverkstæði, Árskógsströnd

Dalbær heimili aldraðra

Daltré ehf, Bökkvisstöðum

Ektafiskur, Hafnargötu 6

Félagsmiðstöðin Týr Skíðabraut 10

Fiskmarkaður Dalvíkur ehf, Ránarbraut 2b

Fosshótel Dalvík, Skíðabraut 18

Húsasmiðjan, Hafnartorgi

Katla ehf, Árskósströnd

Landflutningar Samskip, Ránarbraut 2 b

Tegund / starfsemi

Leikskólinn Kátakot

Leikskólinn Krílakot

Norðurströnd, Hafnarbraut 11 - 15

Norðurströnd, Ránarbraut 10

Ránarbraut 8, hausapurkkun Samherja, Dalvík

Samkomuhúsið (leikfélag), Skíðabraut 7b

Sjávargata 2-4, Sólrún, Árskógssandi

Sjávargata 6, 6A, og 6B Samherji, Árskógssandi

Tónlistaskóli Dalvíkurbyggðar

Tréverk ehf, Grundargötu

Vélvirki ehf, Hafnarbraut 7

Vélvirki, bílþjónusta Sandskeiði 8

### **Skoðanir, annað hvert ár**

#### Tegund / starfsemi

Á vegamótum, gisting  
Björgunarsveit Dalvíkur, Gunnarsbraut 4  
Byggðasafn Dalvíkur, Hvoli  
Eimskip Norðurland ehf, v/Martröð  
Ferðaþjónustan Ytri Vík  
Gimli hostel  
Gistihúsið Skeið  
Gregors pub Goðabraut  
Heilsugæslustöðin, Hólavegi  
Húsabakki, gisting  
Íslandspóstur Dalvík, Hafnarbraut 26  
Ísstöðin hf, Dalvíkurhöfn  
Ísstöðin, hf, Ránarbraut 9  
Klængshóll, gisting

#### Tegund / starfsemi

Leikskólinn Leikbær  
Lögreglan, Gunnarsbraut 6  
Möðruvellir gisting  
Rauðikrossinn Dalvíkurdeild, Gunnarsbraut 2  
Ráðhúsið, Dalvík  
Sandskeið 26, Hitaveita Dalvíkur  
Skíðaskálinn Brekkusel  
Steypustöðin Dalvík ehf, Sandskeið 27  
Tjarnarkirkja  
Urðakirkja  
Úrval stórmarkaður, Hafnartorgi  
Vallarkirkja  
Við höfnina, Hafnarbraut 4  
Ævar og Bóas ehf, Sandskeiði 14

### **Skoðanir, þriðja hvert ár**

#### Tegund / starfsemi

Fatahreinsunin GBess, Hafnarbraut 7  
Gallerí lðja, Skíðabraut 4  
Hárverkstæðið, Grundargötu 11  
Hjá Sögu Hárstofa,  
Í lit Hár og snyrtist.  
Kvistur ehf, Skíðabraut 2  
Lyf og heilsa, Goðabraut 4  
N1, bensínafgreiðsla Hafnarbraut 26  
O. Jakobsson ehf, Ránarbraut 4  
Olís bensinstöð, Skíðabraut 21

#### Tegund / starfsemi

Rafmagnsverkstæði Elektro Co ehf,  
Sjónvá, Hafnarbraut 3  
Sjúkrapjálfun, Skíðabraut 18  
Slökkvistöðin  
Stærra- Árskógskirkja  
Sundskáli Svarfdæla  
Víkurlent Hafnarbraut 7  
Vínbúðin Dalvík, Hafnarbraut 7  
Ytra-Holt, bílaskemma Ævars og Bóasar ehf

**Skoðanir, þriðja hvert ár (sveitabæir)**

Tegund / starfsemi

Brattavellir  
Brautarhóll  
Hof  
Hofsá  
Litlu Hámundastaðir  
Hesthús, Hringsholti  
Varphænuhús Árskógsströnd  
Bakki  
Brekka  
Brimnes  
Búrfell  
Böggvisstaðir  
Böggvisstaðir, geymsluskáli  
Dalalæða  
Dæli  
Golfskáli  
Grund  
Hagi  
Hátún  
Heiðarstaðir  
Helgafell

Tegund / starfsemi

Hnjúkur  
Hóll Svarfaðardal  
Hóll Upsaströnd  
Hrafnstaðakot  
Hrafnstaðir  
Ingvarir  
Jarðbrú  
Klaufabrekknakot  
Kot  
Melar  
Sakka  
Steindyr  
Stóru Hámundastaðir II  
Stærri-Árskógur  
Syðra Garðshorn gisting  
Syðra-Holt  
Urðir  
Ytra-Holt, kjúklingaeldishús  
Ytra-Hvarf  
Ytra-Kálfaskinn  
Þverá

## Fylgiskjal 2

### Æfingaráætlun Slökkvilið Dalvíkur

janúar	Reykköfun og skip
janúar	Skipulag á vetvangi
febrúar	Vetvangskoðun (fyrirtæki/stofnun)
febrúar	Slökkvistarf í frosti
mars	Reykköfun og leit í húsum
mars	Reyklosun
mars	Vatnsöflun,
apríl	Klippu og björgunaræfingar
apríl	Viðbragð Múlagöng
maí	Gróðureldar
maí	Eiturefni og viðbrögð við þeim
maí	Klippu og björgunaræfingar (æfingar með sjúklingum)

Ekki eru fastar æfingar yfir sumarið.

sept	Reykköfun
sept	Vetvangskoðun (fyrirtæki/stofnun)
okt	Stigar og bönd
okt	Reykköfun/reyklosun
okt	Klippu og björgunaræfingar
nóv	Vatnsöflun (raðdæling)
nóv	Bruni í iðnaði (vettvangsskoðun)
des	Reykköfun

Hliðra gæti þurft dagskrá og verður það þá tilkynnt í hvert skipti.

**Samkvæmt lögum er lámarks æfingartími 20 tímar á ári og auk þess bætast 25 tímar við hjá þeim sem sinna reykköfun.**

Æfingar og þjálfun slökkviliðsmanna er skráð til að hafa góða yfirsýn yfir þjálfunarmál þeirra.

Æfingafjöldi og tímar eru í samræmi við þjónustustig.

Á æfingum er farið yfir alla þá þætti sem koma fram í þjónustustigi

### Á æfingum er farið yfir:

- ✚ Slöngulagnir
- ✚ Dælingar
- ✚ Reykköfun
- ✚ Vatnsöflun
- ✚ Klippuvinnu
- ✚ Slökkvistarf í skipum
- ✚ Slökkvi- og björgunarstarf í jarðgöngum
- ✚ Flugvélaelda
- ✚ Mengunarslys
- ✚ Bílabruna
- ✚ Húsbruna
- ✚ Bruna í atvinnuhúsnæði
- ✚ Bruna á víðavangi (gróðureldar)
- ✚ Stiga
- ✚ Öryggismál
- ✚ Stjórnun
- ✚ Fjarskipti
- ✚ Vettvangsskoðanir

### **Fylgiskjal 3**

**Staða menntunar slökkviliðsmanna hjá SD 1.1. 2014.**

[Útkallslið 1](#)

[Útkallslið 2](#)

[Nýliði í þjálfun](#)

Brunavarnaáætlun fyrir Dalvíkurbyggð

	1	2 fhl.	2shl	3	4	endurm	löggilding
Bergur Höskuldsson	x	x	x	x		x	
Birgir Gunnarsson	x	x	x	x			x
Bjarni Valdimarsson							
Björn Már Björnsson							
Eggert Briem	x	x	x	x	x		
Elías Höskuldsson			x	x			
Friðjón Sigurvinsson							
Friðrik Þorbergsson	x	x	x				
Garðar G Jónsson	x	x	x	x		x	
Guðmundur Kristjánsson	x	x	x	x			
Guðmundur Pálmason	x	x	x	x		x	
Gunnar Gunnarsson	x	x	x				
Haukur Gunnarsson							
Haukur Sigfússon	x			x		x	
Hans Fr. Guðmundsson							
Jóhannes Hafsteinsson	x	x	x				
Jóhannes T Jónsson	x	x	x	x			
Jón Már Jónasson	x	x	x	x	x		
Jósef S. Jónsson	x	x	x	x	x		x
Júlíus Baldursson	x	x				x	x
Kristján Guðmundsson							
Kristján Sigurðsson			x	x			
Magnús Magnússon							
Ólafur Pálmi Agnarsson	x	x	x	x		x	x
Páll Jóhannesson							
Sigurður Sölvason							
Valur Hallgrímsson	x	x	x	x		x	
Vilhelm A Hallgrímsson	x	x	x	x	x	x	x
Þorsteinn Skaftason						x	

X merkir námi lokið. Ártal merkir áætlun lok náms.

Þrjú liðsmenn hafa lokið námskeiði fyrir þjálfunarstjóra,

Einn hefur lokið Eldvarnaeftirlit I

Einn hefur lokið Eldvarnaeftirlit I, II og III

### ***Fylgiskjal 3.1***

#### **Menntunaráætlun**

##### **Önnur námskeið:**

Jarðgangnanámskeið; tveir árið 2015

Vettvangsstjórnunarnámskeið; tveir árið 2016

Stjórnandi hlutastarfandi liðs; tveir árið 2016 tveir árið 2018

Mengunarslys (stjórnendur); tveir árið 2016

Þjálfunarstjóri; tveir árið 2018


Sérstak klippunámskeið vegna björgunar úr bifreiðum tveir árið 2017

Eldvarnaeftirlitnámskeið; einn maður árið 2017



## Fylgiskjal 4

Kort af starfssvæði Slökkviliðs Dalvíkur



Grænn 10 mín


Gulur 20 mín

Rauður 30 mín



## Fylgiskjal 5

Yfirlitskort





## Fylgiskjal 6

Dalvíkurhöfn



## Fylgiskjal 7

Höfnin á Árskóssandi



Höfnin á Hauganesi



## Fylgiskjal 8

### Samningar

### Samstarfssamningur slökkviliða við Eyjafjörð.

Slökkviliðsstjórar eftirtalinnna slökkviliða við Eyjafjörð: Slökkviliðs Grenivíkur, Slökkviliðs Akureyrar, Slökkviliðs Dalvíkur og Slökkviliðs Fjallabyggðar gera með sér eftirfarandi samning fyrir hönd sveitarfélaga sinna.

Ef upp kemur það ástand vegna útkalls eða annarra lögbundinna starfa slökkviliða getur sá slökkviliðsstjóri sem útkallið fær kallað til hvert það slökkvilið sem hann telur þörf á til að fást við verkefni sem í gangi er hverju sinni.

Útkallið tekur aðeins til þeirra tækja og mannafla sem slökkviliðsstjóri metur að mögulegt sé að leggja til.


Skal leitast við að takmarka útköll eins og kostur er og aðeins kalla út eftir að mat á aðstæðum á vastað hefur átt sér stað hverju sinni.

Kostnaður vegna slíkra útkalla eru viðkomandi útkallsslökkviliði að kostnaðarlausu nema lengd útkallsins fari yfir 4 tíma hverju sinni.


Skulu þá slökkviliðsstjórar meta kostnaðinn og leggja fyrir viðkomandi stjórn brunamála í sveitarfélaginu til samþykktar.

Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum sem hvert um sig er varðveitt hjá viðkomandi slökkviliði.

Fyrirvari vegna uppsagnar á samningi þessum eru 6 mánuðir

  
F.h. Slökkviliðs Grenivíkur Dags: 14.01 2011

  
F.h. Slökkviliðs Akureyrar Dags: 19.01 2011

  
F.h. Slökkviliðs Dalvíkur Dags: 19.01 2011

  
F.h. Slökkviliðs Fjallabyggðar Dags: 14.01 2011

